



Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

45. tölublað 5. árgangur júní 2016 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Spóinn



Óskilamunir og bækur

Vinsamlegast skilið bókum sem nemendur gætu verið með heima fyrir sumarfrí.

Vinsamlegast athugið hvort börnin eigi föt og hvað annað í skólanum.

Óskilamunir fara í nytjagám að loknum skólaslitum.

Símanúmer

Aðalnúmer 460-4970
Skólastjóri 460-4971
Kötlukot 460-4973
Félagsheimili 460-4979



Samskiptaboðorðin

Horfa (augnsamband)

Heilsa (einlægur áhugi)

Hlusta (veita athygli)

Hljóma (jákvæður raddblær)

Hrósa (hvetja)

Hjálpa (vera til staðar)



Kæra skólasamfélag

Þá er fjórða (4) skólaári leik- og grunnskólans í Árskógi að ljúka. Fínasti vetur með öllum sínum fjölmörgu verkefnum og uppákomum og erum við bara ánægð og sáttt hvernig hefur gengið. Við höfum gengið í gegnum naflaskoðun nefndar á skólastarfi í Árskógi í vetur enda fer nemendum fækkandi hér eins og annars staðar í dreifbýli og er það áhyggjuefni. Það var ákveðið að skólinn starfi í óbreyttri mynd næsta vetur en þó er ljóst að engir nemendur verða á miðstigi í 5.-7. bekk en þeir tveir nemendur sem hefðu orðið eftir fylgja 7. bekk (5 nemendur) í Dalvíkurskóla. Við erum hins vegar ekkert að baki dottin og næsta vetur verða hér yfir 30 nemendur á leik- og grunnskólastigi og þá verður meðal annars áhersla á samkenntu elstu nemenda leikskólastigs og yngstu nemendur grunnskólastigs. Við höldum ótrauð áfram með uppbyggjandi skólastarf í Árskógi. Takk fyrir veturinn, gott samstarf og góðar stundir.

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Skólaslit föstudaginn 3. júní

Skólaslit Árskógar skóla verða föstudaginn 3. júní kl. 13:00 í félagsheimilinu. Þann dag fá nemendur grunnskólastigs afhentan vitnisburð, elsti árgangur leikskólastigs er formlega útskrifaður af því skólastigi.

Skólaslitin taka um 30 mínútur og við hvetjum alla til að mæta og eiga góða stund saman áður en grunnskólastignemendur fara í sumarfrí.

Skólabíllinn keyrir eins og venjulega þennan dag.



Skóladagatal 2016-2017

Skóladagatal skólaárs nr. 5 veturinn 2016-2017
Hefur verið samþykkt og er komið á vefinn.

[Skóladagatal 2016-2017 sjá hér.](#)

Allt um skólabyrjun og lokanir 2016-2017




Sumarlestur

Þó sumarið sé komið og grunnskólanemendur alveg að detta í sumarfrí er mjög mikilvægt að nemendur haldi áfram að lesa í sumar. Heimalestur er afskaplega mikilvægur fyrir lestrarnám barna, lestur er eins og íþrótt þar sem æfingin skapar meistarann. Það er tilvalið að skreppa á bókasafn og hvetja börnin til að velja sér bók, lesa þar, á ferðalagi eða bara heima, inni eða úti. Lestur og læsi er undirstaða alls náms og lykill að tækifærum barna til frekari náms og síðar atvinnu á lífsleiðinni. Lestur í sumar er málið!

Lesum fyrir börnin okkar en það er vitað mál að barn sem hlustar á skemmtilega bók, mun frekar lesa sér til ánægju. Auk þess þjálfar það lesskilning og eykur orðaforða þeirra. Börn sem eru komin stutt á veg í lestri langar að hlusta á nýjar vinsælar bækur sem þau hafa ekki færni í að lesa sjálf. Því er kjörið tækifæri að lesa nýju bækurnar fyrir þau.


Ræðum við börnin um það sem þau lesa eða hlusta á. Spyrjum þau spurninga, vekjum athygli þeirra á nýjum orðum sem eru í textanum. Látum þau velta fyrir sér framvindu sögunnar, hvað gerist næst, af hverju? Hvernig heldur þú að sagan endi, hvernig endaði sagan? Hver er boðskapur sögunnar, hvað er höfundur að segja okkur o.s.frv. ?

Tímataka í bílnum á ferðalagi er skemmtileg leið til að efla orðaforða og talnaskilning, s.s. segja eins mörg dýraorð á einni mínútu, telja bíla, vegstikur, kindur, ferðamenn... gaman saman!



Starfsmannabreytingar

Helga Ester Snorradóttir sem hefur starfað frá stofnun skólans sem umsjónarkennari er á leið í árs leyfi til landvinninga erlendis. Við þökkum henni fyrir hennar framlag síðustu fjögur ár og fáum vonandi að sjá hana aftur í kennslu í Dalvíkurbyggð. Annars er starfsmannahópurinn óbreyttur skólaárið 2016-2017.



Opnunartími og skóladagatal

Árskógar skóli er opinn alla virka daga frá 07:45-16:00.

Vinsamlegast kynnið ykkur [skóladagatal 2015-2016](#) svo allt sé á hreinu, viðburðir, lokanir!

Munið eftir [myndasafninu](#) á heimasíðunni <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>



námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing



Viðburðadagatal júní 2016

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur **Laugardagur** **Sunnudagur**

		1 Jón Ævar 4 ára 	2	3 Skólaslit kl. 13 ⁰⁰ í félagsheimili 	4	5 Sjómanna- dagurinn
6	7	8	9	10	11	12
13 Jón Tryggvi 7 ára 	14	15	16	17 Þjóðhátíðar- dagur Íslendinga LOKAÐ Bergdís 9 ára 	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			